

SÍGRÚN KRISTÍN MAGNÚSDÓTTIR

## RITSTJÓRNARPISTILL



Sigrún Kristín Magnúsdóttir

Ágæti lesandi.

Þetta er sjöunda tölublað Gáttar, ársrits um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun, sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) gefur út. Meginhlutverk Fræðslumiðstöðvarinnar er að vera vettvangur víðtæks samstarfs um fullorðins- og starfsmenntun á íslenskum vinnumarkaði. Á árinu fjölgaði þeim aðilum sem standa að FA, í hóp stofnaðilanna Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins, bættust BSRB,

fjármálaráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga. Óhætt er að fullyrða að bakhjarlar FA spanni afar vítt svið á vinnumarkaði og áhrifa þess gætir í ritinu.

Ritstjórn Gáttar telur sig afar lánsama að hafa fengið Menntavísindasvið Háskóla Íslands til liðs við sig við undirbúning þessa tölublaðs. Fyrsta ritrýnda greinin, sem birtist í Gátt, er rituð af kennara og nemendum frá því sviði. Birting ritrýndra greina var eitt af þeim markmiðum sem ritstjórnin setti fyrir útgáfu ritsins. Ritrýning byggist á því að einn eða fleiri ónafngreindir sérfræðingar lesa yfir greinar og meta hvort þær eru birtingarhæfar í ákveðnu tímariti. Ritrýning er talin ákveðinn gæðastimpill á greinar og tímarit og gerir eftirsóknarverðara að fá birtar greinar í því. Breiður hópur fólks hefur lagt sitt af mörkum við skriftirnar. Í hópi greinahöfunda í þetta sinn eru auk sérfræðinga af ýmsu tagi, fræðsluaðilar, leiðbeinendur, náms- og starfsráðgjafar og starfsmenn FA.

Í samstarfi um starfsmenntun og nám fullorðinna felst þróun nýrra aðferða til að efla þekkingu og færni fólks á vinnumarkaði. Gátt er ætlað að vera vettvangur fyrir umræðu um viðhorf, verkefni og kenningar sem efst eru á baugi hverju sinni. Sem fyrr er markmið ritsins að efla umræðu um nám fullorðinna á Íslandi, miðla reynslu og kynna það sem ber hæst í umræðunni hverju sinni. Markmið FA er að í Gátt birtist úrval greina um málefni sem varðar nám og fræðslu fullorðinna með áherslu á markhóp FA. Ritið er ætlað breiðum hópi í samfélaginu: þeim sem stjórna og vinna að fræðslumálum, leiðbeinendum, kennurum og námsmönnum og síð-

ast en ekki síst öllum öðrum sem hafa áhuga á að kynna sér nýjungar og helstu sjónarmið í fræðslu fullorðinna.

Meginefni ritsins að þessu sinni er þátttaka í námi. Á hverju byggist hún? Hvað hamlar þátttöku? Til hvaða úrræða er hægt að grípa sem eru líkleg til árangurs við að hvetja fólk til þess að leggja stund á nám? Hvernig geta fræðsluaðilar mætt margvíslegum þörfum markhópsins? Hvernig ná náms- og starfsráðgjafar til fólks á íslenskum vinnumarkaði? Hvaða tækifæri eru til þess að hljóta styrki til verkefna tengdum námi og fræðslu? Þessar spurningar eru meðal þeirra sem greinahöfundar leitast við að svara. Í ritinu eru einnig almennar greinar um fullorðinsfræðslu, kennslufræðilegar hugleiðingar út frá athyglisverðri bók, umfjöllun um áhrif þróunar viðmiðaramma á námsskrár og ný viðhorf um nám og menntun.

Í ritinu eru líka fastir liðir eins og venjulega. Í þættinum Hvað áttu við? eru settar fram tillögur um skilgreiningar og þýðingar á iðorðum sem varða nám fullorðinna og starfsmenntun. Þá er umfjöllun um vinnuafli og markhóp FA en þar kemur fram að konur sækja í sig veðrið í námi. Að lokum er grein um starfsemi FA og verkefni sem unnið hefur verið að á árinu 2010. Öll miða þau að því að auka færni fólks á vinnumarkaði og efla fullorðinsfræðslu og starfsmenntun á Íslandi. Það er einlæg ósk ritstjórnarinnar að ritið verði kærkomin lesning öllum þeim sem koma að námi fullorðinna. Lesendur eru hvattir til að láta skoðanir sínar í ljós, senda ritstjórn ábendingar og hugmyndir og taka þannig virkan þátt í því að efla fullorðinsfræðslu og starfsmenntun á Íslandi.

*F.h. ritstjórnar*

*Sigrún Kristín Magnúsdóttir*